

Garðabær-Bæjarskrifstofur
b/t Sólveig Helga Jóhannsdóttir
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Reykjavík, 11. desember 2019
UST201912-076/A.B.
10.04.00

Efni: Tillaga - Aðal- og deiliskipulag - Breyting - Ásar og Grundir - Garðabæ

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Garðabæjar er barst 6. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðal- og deiliskipulagi á reit 2.09-Op í Garðabæ.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að opið svæði við Hraunholtslæk 2.09 Op er minnkað og nýtt svæði 2.19 S fyrir Alþjóðaskólann er skilgreint.

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið liggur að Hraunholtslæk og í gr. 5.3.12 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 að: „Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði.“ Umhverfisstofnun bendir á að þótt um læk sé að ræða en ekki á, þá er útivistargildi svæðisins mikið og mikilvægt að gönguleiðir séu meðfram læknum líkt og er sýnt er á deiliskipulagsbreytingunni.


Í greinargerð gildandi aðalskipulags kemur fram í skipulagsákvæði að svæðið sé mikilvægt garðsvæði meðfram Hraunholtslæk, nýtt til útivistar. Í breytingartillögunni segir að í dag er svæðið óaðgengilegt og lítið notað.

Svæðið einkennist í dag á túnnum, girðingum og húsgrunnum. Breytingartillagan gerir ráð fyrir töluverðri röskun á garðsvæðinu, en röskun svæðisins mun vera fyrst og fremst í gerð skólabyggingar, bílastæða og húsagötu. Umhverfisstofnun telur þéttingu byggðar vera jákvæða þróun þar sem hún á við, hins vegar telur stofnunin mikilvægt að hugað sé að gróðri og grænum svæðum við hönnun þéttingarsvæða sem eru aðgengileg íbúum og almenningi.

Virðingarfyllst



Axel Benediktsson
sérfræðingur



Björn Stefánsson
sérfræðingur